




VIÐBRAGÐSÁÆTLUN BRÚARSKÓLA

Markmið með viðbragðsáætlun

Markmið með viðbragðsáætlun er að tryggja öryggi nemenda og starfsmanna innan skólans. Brúarskóli er sérskóli fyrir nemendur sem eiga við alvarlegan geðrænan og tilfinningalegan vanda að etja og/eða eiga í félags- og hegðunarerfiðleikum. Margir nemendur skólans eiga sögu um að hafa beitt ofbeldi í skóla og er það eitt af verkefnum skólans að aðstoða nemendur við að láta af þeirri hegðun. Starfsmönnum skólans ber að vinna eftir skýrum verkferlum þegar kemur að því að stöðva ofbeldishegðun, og fá leiðsögn og þjálfun í vinnubrögðum. Verkferlar eru í stöðugri endurskoðun.

Aðferðir

Megin áherslur í starfi Brúarskóla eru hegðun, félagsfærni og samskipti og því er mikil áhersla lögð á hegðunarmótun. Unnið er með athafnir daglegs lífs í öllu starfi. Allt starf er vel skipulagt, skýrt og fyrirsjáanlegt. Starfsmenn eru með nemendum allan skólatímann, borða með þeim morgun- og hádegismat og fara með þeim í útivist.

Hrós er ein af grunnstöðum Brúarskóla. Sjálfsmynd nemenda er oft veik þegar þeir hefja nám í Brúarskóla og því er mikið lagt upp úr því að hrósa nemendum fyrir það sem vel er gert og styrkja jákvæðar hliðar þeirra. Starfsfólk leggur áherslu á að nota lýsandi hrós og orða hrós þannig að ljóst sé fyrir hvað er verið að hrósa, s.s. „flott hjá þér að raða skónum þínum svona snyrtilega við vegginn“.

Allir nemendur skólans eru með einstaklingsmiðað hvatningakerfi sem er unnið út frá þeim markmiðum sem hver og einn nemandi stefnir að því að ná með dvöl í Brúarskóla. Starfsmenn skólans veita nemanda reglulega endurgjöf á það hvort hann hafi náð settu markmiði eða ekki og þannig getur nemandinn sjálfur fylgst með hvernig honum gengur að ná markmiðum sínum.

Brúarskóli notar margar aðferðir og tæki til að aðstoða nemendur:

- | | |
|--|--|
| ❖ Einstaklingsmiðuð kennsla | ❖ Kennsla í að ná stjórn á eigin hegðun |
| ❖ Kennsla í litlum hópum | ❖ Lausnamiðuð nálgun á erfiðri hegðun |
| ❖ Kennsla úr frá getu/áhuga | ❖ Sjónrænt skipulag |
| ❖ Jákvæð samskipti | ❖ Nemendahandbók, markmiðasetning og reglulegt endurmat á stöðu nemanda hegðunarlega séð og námslega |
| ❖ Lýsandi hrós | ❖ Líkamleg inngrip í neyð (<i>eingöngu unnið eftir reglugerð nr. 1040/2011</i> |
| ❖ Benda á styrkleika | <i>13. gr</i> |
| ❖ Byggja upp jákvæðni gagnvart skólaumhverfi | |
| ❖ Tilfinningastjórnun | |
| ❖ Kennsla í að taka ábyrgð á eigin hegðun | |

Afleiðingar

Þegar nemandi í Brúarskóla missir stjórn á hegðun sinni eða sýnir óæskilega hegðun, fylgja því fyrir fram ákveðnar afleiðingar. Nemandi er gefinn tími og tækifæri til að bæta hegðun sína og minnir starfsfólk nemandi þá gjarnan á að nýta sér reiðistjórnun eða aðrar aðferðir til þess að ná stjórn á hegðun sinni. Ef nemandi leiðréttir ekki hegðun, þrátt fyrir að hafa fengið tækifæri til þess, þá gefst honum kostur á að fara í hlé herbergi. Nemandi er gefið val um að fara sjálfur í hlé eða starfsmenn aðstoði hann þangað. Í hlé herbergi kemst nemandi úr aðstæðum og fær tækifæri til þess að róa sig.

Dæmi um óæskileg hegðun:

- ❖ Truflandi hegðun í kennslustofu
- ❖ Nemandi kastar námsgögnum í gólf
- ❖ Nemandi rífur námsgögn/hvatningabók
- ❖ Skemmdarverk í skólastofu
- ❖ Ljótt orðbragð/látbragð sem beinist að persónu
- ❖ Ógnandi hegðun (að hótta, segjast eða þykjast ætla að beita ofbeldi)

Ef nemandi skaðar sjálfan sig, starfsmenn eða aðra nemendur, þá ber starfsmönnum skylda til þess að huga að öryggi viðstaddra og stöðva hegðunina. Nemandi er í framhaldinu vísað í **Ró** þar sem hann fær tækifæri til þess að róa sig niður. Þegar nemandi er búinn að róa sig niður og ná stjórn á tilfinningum sínum vinnur hann uppbótarverkefni og í kjölfarið er samtal um hvers vegna hann brást svona við og hvað hægt væri að gera betur næst.

Verklagsreglur

Starfsfólk í Brúarskóla hefur fengið námskeið í verklagi við líkamlegt inn grip til þess að stöðva ofbeldi og reglulega eru haldnar æfingar innan skólans til þess að tryggja samræmi í verklagi allra starfsmanna. Verklagsreglur Brúarskóla um viðbrögð við ofbeldi og alvarlegum uppákomum byggja á reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum, með sérstöku tilliti til 13. greinar reglugerðarinnar, og á leiðbeiningum frá sambandi íslenskra sveitarfélaga á grundvelli 13. greinar sömu reglugerðar.

Líkamlegt inn grip í mál nemenda vegna óásættanlegrar og/eða skaðlegrar hegðunar.

Starfsfólki skóla er óheimilt að beita líkamlegum refsingum og líkamlegu inn gripi í refsingarskyni.

Ef starfsfólk skóla metur að háttsemi nemenda leiði af sér hættu fyrir samnemendur og/eða starfsfólk skóla ber starfsfólki skylda til að bregðast tafarlaust við slíku með líkamlegu inn gripi til að stöðva nemanda. Líkamlegu inn gripi skal aðeins beitt í ítrustu neyð og eingöngu þegar ljóst er að aðrar leiðir duga ekki til að forða nemanda frá því að skaða sig og/eða aðra. Starfsfólki skóla er óheimilt að neyta aflsmunar nema nauðsyn krefji til að stöðva ofbeldi eða koma í veg fyrir að nemandi valdi sjálfum sér eða öðrum skaða eða eignatjóni. Skal þess ávallt gætt að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til í samræmi við meðalhófsreglu 12. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Láta skal tafarlaust af inn gripi er hættu hefur verið afstýrt. Skólastjóri skal sjá til þess að atvik samkvæmt þessari málsgrein séu skráð og varðveitt í skólanum svo og ferill máls og ákvarðanir sem teknar eru í kjölfarið, í samræmi við lög um persónuvernd nr. 77/2000. Atvikaskráning skal fela í sér lýsingu á aðdraganda, atburðinum sjálfum og mati á þeirri hættu sem orsakast hefði af athafnaleyzi.

Mikilvægt er að starfsfólk vinni ekki eitt við slíkar aðstæður og kalli eftir aðstoð annars starfsfólks skólans eða viðeigandi utanaðkomandi aðstoð, t.d. frá lögreglu, heilsugæslu eða öðrum eftir atvikum.

Skólastjóri getur synjað nemanda um að sækja skóla tímabundið þegar rökstuddur grunur leikur á að hann sé undir áhrifum vímuefna á skólatíma og/eða stuðlar að dreifingu slíkra efna meðal nemenda. Heimilt er við slíkar aðstæður að höfðu samráði við foreldra að láta þar til bæra aðila meta reglulega ástand viðkomandi nemanda og meina honum að sækja skóla þar til fyrir liggur að hann sé ekki lengur undir áhrifum vímuefna.

Í hverjum grunnskóla skulu vera til verklagsreglur unnar af starfsfólki skóla vegna tilvika þegar nauðsynlegt er að grípa til tafalausra aðgerða þegar stöðva þarf óásættanlega hegðun nemanda, bregðast við hótunum eða rökstuddur grunur er um að nemandi sé undir áhrifum vímuefna. Í verklagsreglum skal kveðið á um málsmæðferð skv. 14. gr. Verklagsreglurnar skulu vera hluti af starfsáætlun hvers skóla.

Sambandi íslenskra sveitarfélaga er heimilt að taka saman leiðbeiningar fyrir skóla þar sem m.a. er nánar kveðið á um verklagsreglur og viðbragðsáætlun innan skóla og viðeigandi utanaðkomandi aðstoð samkvæmt þessari grein.

Skráningar

Öll atvik þar sem líkamlegu inngripi er beitt eru skráð og varðveitt innan skólans samkvæmt reglugerð. Við skráningu á atvikum skal koma skýrt fram um hvaða nemandi ræðir, aðdraganda hegðunar, hverjir voru viðstaddir þegar hegðun kom fram og hvar nemandi var staddur. Einnig er mikilvægt að lýsa hegðun nemandans, taka fram hvort um alvarlegt ofbeldi var að ræða og hvaða hætta hefði skapast ef hegðun nemandi hefði ekki verið stöðvuð. Atvikið er einnig skráð í dagbók viðkomandi nemandi og samband haft við foreldra/forsjáraðila eftir því sem við á í hverju tilviki.

Einnig ber að skrá áverka vegna líkamlegs inngrips, bæði hjá starfsfólki og nemendum, á þar til gerð eyðublöð. Mikilvægt er að skrá allt ofbeldi sem einstaklingur verður fyrir, jafnvel þó að sjáanlegir áverkar séu ekki til staðar og viðkomandi kenni sér ekki meins.

Skráningar eru varðveittar í skjalageymslu skólans.

Eftirfylgd og lærdómur

Ef um sérstaklega erfitt eða óvenjulegt atvik er að ræða er mikilvægt að þeir sem komu að málinu ræði saman um atvikið eigi síðar en viku eftir að það á sér stað. Farið er yfir hvað gerðist og hvernig var brugðist við, hvort verkferlum var fylgt og hvort þörf er á að breyta viðbrögðum eða verkferlum, almennt eða varðandi einstaka nemandi.

Ef starfsmenn telja sig hafa þörf fyrir frekari úrvinnslu á atviki stendur þeim alltaf til boða að ræða við stjórnendur eða starfsmenn á ráðgjafarsviði. Auk þess stendur þeim til boða að sækja tíma í handleiðslu hjá utan að komandi fagaðila, í samráði við skólastjóra.